

Það var drengur einn, sem ekki þekkti bergmál. Hann heyrði, hvernig hermt var eftir honum. Og hélt það væri einhver drengur. Reiddist og varð vondur, og fór að kalla hann ljótum nöfnum. En heyrði svo, að hann var kallaður sömu ljótu nöfnunum í sama róm og hann sjálfur gerði. Hann hleypur þá til mömmu sinnar og segir henni, að einhver ljótur strákur sé úti, sem hermi eftir sér og kalli sig ljótum nöfnum. Hann sjái hann ekki. Heyri að eins til hans. Mamma hans brosir og segir stillilega: „Þú hefur líklega orðið vondur og kallað hann ljótum nöfnum sjálfur. Reyndu að tala fallega til hans, og viltu svo, hvort svarið verður ekki fallegra. Og mundu það, drengurinn minn, að þú mátt aldrei búast við góðu svari, ef þú hefur talað illa til einhvers.“ Og með það fór drengur.

Já, gáid að *bergmálinu* ykkar, börn. Það er ekki fallegra en röddin ykkar. Og gáid að því, að þegar þið eruð vond við önnur börn og kallið þau ljótum nöfnum, þá gera þau hið sama við ykkur. En það er þá „*bergmálið*“ ykkar. Hugsið um það.

Þið megið þá ekki reiðast ljóta „*bergmálinu*“ ykkar og verða vond eins og drengurinn. Heldur á ljóta „*bergmálið*“ ykkar að sýna ykkur, hvað ljót þið hafið verið. Og það á að auðmýkja ykkur og kenna ykkur að tala fallega, svo að „*bergmálið*“ ykkar verði fallegt.

Það er gaman að bergmáli, sagði eg. Það er gaman að heyra fallega bergmáls-sönginn hljóma alt í kring um sig. Það er gaman líka að „*bergmálinu*“ ykkar, þegar það er fallegt — þegar það er eins og fallegur söngur alt í kring um ykkur. Ó, látið „*bergmálið*“ ykkar vera fallegt!

—o—

Notið tímann vel.

VII.

Þegar eg var að tala við ykkur um þetta síðast, þá var eg að hvetja ykkur til að nota vel sumar-fríið ykkar og frí-tímann yfir höfuð. Munið þið það? Þá var sumar-frí margra ykkar einmitt ný-byrjað. En nú er það á enda. Og skóla-tíminn er aftur byrjaður.

Höfðuð þið nokkuð gagn af því, sem eg sagði við ykkur um sumar-fríið ykkar? Undur þætti mér vænt um, ef svo hefði verið. Og blessað væri það, ef þið hefðuð farið vel með frí-tímann ykkar, og væruð nú fyrir það betri börn, en ekki verri. Hugsið um það, hvernig þið fóruð með hann. Ó, gerið það fyrir mig!

En nú er skóla-tíminn byrjaður, eins og eg sagði. Og nú ríður á því, að þið notið hann vel—dýrmæta skóla-tímann